

Sp.

109. Fyrirspurnir

[106. mál]

I. Til samgönguráðherra um öryggismál sjómanna.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. Hvenær má vænta formlegrar viðurkenningar siglingamálastjóra á sleppibúnaði gúmbjörgunarbáta sem Sigmund Jóhannsson í Vestmannaeyjum hefur hannað?
2. Þegar sú viðurkenning er fengin verða þá ekki sett reglugerðarákvæði sem skylda eigendur skipa til að búa skip sín strax þessum öryggisbúnaði?
3. Má vænta þess, að Siglingamálastofnun gefi á næstunni út nýjar reglur um gerð og búnað björgunarbáta á hinum stærri skipum?

II. Til samgönguráðherra um leiguskip Skipaútgerðar ríkisins.

Frá Pétri Sigurðssyni.

1. a. Hvaða skip er Skipaútgerð ríkisins nú með á leigu? Er fyrirhuguð fjölgun þeirra?
b. Undir hvaða flaggi sigla þau?
c. Samkvæmt hvaða samningum er lögskráð á þau?
2. Er farið að ákvæðum íslenskra laga og samningum við innlend stéttarfélag um fjölda áhafnarmanna?